

Sigga á Grund hlaut menningarstyrk Flóahrepps

Fjör í Flóa fór fram um síðustu helgi. Styrkhafi menningarstyrks Flóahrepps árið 2025 var tilkynntur á hátíðinni. Að þessu sinni hlaut Sigga á Grund styrkinn fyrir verkefnið Sigga á Grund – saga og varðveisla handverksarfs.

Markmið verkefnisins er að skjalfesta til varðveislu yfirlit og sögu útskurðarlistaverka Siggu á Grund. Skrásetja á sögu listaverkanna, safna saman myndum og umfjöllunum, hvernig þau voru búin til, úr hvaða efni og hvar þau eru staðsett í heiminum. Þegar bókin kemur út er áætlað að halda viðburð í Flóahreppi til að fagna því að arfleifð Siggu sé varðveitt.

Sigríður Jóna Kristjánsdóttir, eða Sigga á Grund, er listakona

og útskurðarmeistari. Hennar sérþekking snýr að útskurði í tré. Hún hefur meðal annars skorið út allar gangtegundir íslenska hestsins, verk sem þykja mikil listasmíð og eru mörg þeirra til sýnis í Tré og list í Forsæti í Flóahreppi.

Sigga er fædd í Villingaholti í Flóanum og fékk hún tréskurðarlistina beint í æð á barnsaldri. Hún er fyrsti heiðursborgari Flóahrepps en þann heiður hlaut hún á 80 ára afmæli sínu í fyrra. Í nóvember sama ár var hún gerð að heiðurslistamanni þjóðarinnar og áður hafði hún fengið Fálkaorðuna fyrir framlag sitt til þjóðlegrar listar.

Sigga hlaut styrk að upphæð 500.000 kr. ásamt plöntu frá Kjarri og viðurkenningarskjali.



Sigrún Hrefna Arnardóttir, formaður íþróttar-, æskulýðs- og menningarnefndar Flóahrepps, Sigga á Grund og Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri. Ljósmynd/Flóahreppur.

Stóraukið fjármagn í viðhald vega á landsbyggðinni



Við þekkjum öll dæmi um vegi í okkar heimabyggðum sem þarfnast úrbóta strax. Vegi sem skipta máli fyrir öryggi fólksins okkar og framtíð byggðanna.

Samkvæmt mati Vegagerðarinnar er áætlað að einungis 35% burðarlaga og 37% slitlaga í vegakerfinu séu í góðu ástandi. Þetta undirstrikar brýna þörf fyrir úrbætur. Ríkisstjórnin hefur sett málefni innviða í forgang og er staðráðin í að vinna á uppsafnaðri viðhaldsskuld sem myndast hefur á undanförunum árum með því að auka verulega fjárfestingu í vegakerfinu.

Viðbótarframlag strax

Strax á þessu ári er veitt þriggja milljarða króna viðbótarfram-

lag til viðhalds í vegakerfinu. Til að setja það í samhengi jafngildir sú upphæð um það bil 25% aukningu miðað við meðaltal síðustu ára. Strax á næsta ári er stefnt að því að verja sjö milljörðum króna aukalega í viðhald og þjónustu við vegakerfið. Þetta aukna fjármagn er meðal annars tilkomið vegna breytinga á útreikningi veiðigjalda. Það mun einkum nýtast mikilvægum vegabótum á landsbyggðinni þar sem þörfin er mest.

Sókn til framtíðar

Miðað við gildandi fjármálaáætlun fyrir árin 2026-2030 er gert ráð fyrir enn frekari sókn í þessum mikilvæga málaflokki. Áætlað er að árleg hækkun framlaga til viðhalds eingöngu

muni nema á bilinu 4,5 til 5,5 milljörðum króna. Þetta jafngildir um 40-45% aukningu frá því sem verið hefur. Mestu máli skiptir að með þessari aukningu mun fjárfesting í viðhaldi vegakerfisins í fyrsta sinn í langan tíma ná því viðmiði sem Vegagerðin hefur metið sem viðunandi, eða um 20 milljarðar króna á ári.

Með brýnum viðbótarframlögum strax í ár og á næsta ári rjúfum við kyrrstöðu og náum loksins að stöðva vöxt hinnar uppsöfnuðu viðhaldsskuldar. Við hyggjumst bretta upp erner, sýna árangur í verki og bæta stöðu vegakerfisins til frambúðar.

Eyjólfur Ármannsson,
innviðaráðherra.

Fáðu
fagmann
í verkið

Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2024



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Rafverktakar · Verslun
Öryggis-, myndavéla-
og loftnetskerfi



Framúrskarandi
fyrirtæki 2019

Arvirkinn

Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



Gagnheiði 17, 800 Selfoss | 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is



Kynntu þér nýja kynslóð
heyrnatækja

Verðum á Selfossi
Heyrnamælingar fyrir 18 ára og eldri,
þjónusta og stillingar á heyrnatækjum.

fimmtudaginn 19. júní 2025

TÍMAPANTANIR 534-9600

534-9600 www.heyirn.is Hlíðasmára 19, 2. hæð, 201 Kópavogur

Aðalsafnaðarfundur Stokkseyrarkirkju 2025

Aðalsafnaðarfundur Stokkseyrarkirkju verður
haldinn **fimmtudaginn 5. júní 2025 kl. 20:00**
í safnaðarheimilinu Hafnargötu 10, Stokkseyri.
Venjubundin aðalfundarstörf

Safnaðarstjórnin



Frá sóknarnefnd Hraungerðiskirkju

Framhalds aðalsafnaðarfundur
Hraungerðissóknar verður haldinn í
Hraungerðiskirkju, fimmtudaginn
12. júní n.k. kl. 20:00

Dagskrá fundar:

- Kosningar
- Önnur mál

Sjáumst sem
flest á fundinum



Emma Ýr dúx Menntaskólans að Laugarvatni

Laugardaginn 24. maí 2025 var skólahaldi við Menntaskólann að Laugarvatni slitið í 72. sinn. Við hátíðlega athöfn voru útskrifaðir 28 nemendur; níu af náttúruvísindabraut, þar af fjórir af heilsuræktarlinu og 19 af félags- og hugvísindabraut, þar af fjórir af listalínu. Þetta er mikill fyrirmyndarhópur sem hefur sannarlega unnið hörðum höndum og haft mikil áhrif á skólabraginn með störfum sínum fyrir nemendafélagið Mími. Jóna Katrín Onnoy Hilmarsdóttir skólameistari þakkaði hópnum sérstaklega fyrir glæsilegt framlag til skólans í ræðu sinni. Áslaug Harðardóttir áfangastjóri flutti annál skólaársins 2024-2025 og fór þar yfir viðburðaríkt ár sem einkenndist af kórsöng og gleði.

Dúx nýstúdenta var Emma Ýr Friðriksdóttir frá Höfn í Hornafirði með einkunnina 9,13 og semi-dúx nýstúdenta var Þórdís María Arnarsdóttir frá Reykjavík með einkunnina 8,95. Dúx scholae er svo reiknaður með einum aukastaf og er þar um að ræða hæstu heildareinkunn yfir allan skólann, skólaárið 2024-2025. Þar urðu efstar þær Emma Ýr, Þórdís María og Helga Dögg Ólafsdóttir frá Hvolsvelli, nemandi í fyrsta bekk, en þær voru allar með einkunnina 9,1. Semi dúx scholae var nemandi í fyrsta bekk, Evelína Dorozka frá Flúðum, með einkunnina 9,0. Glæsilegur árangur hjá þeim öllum.

Að vanda voru júbílantar, útskrifaðir nemendur frá ML, viðstaddir útskriftarathöfn og færðu skólanum góðar gjafir. Gjafir frá júbílóntum ML hafa verið mikil lyftistöng fyrir skólann og hafa nýst sem stuðningur við skapandi starf og ekki síst tónlistarstarf við skólann. ML vill koma á framfæri sérstökum þökkum til júbílantanna 2025 fyrir þeirra

stuðning við skólann og sérstaklega var ánægjulegt að fá að taka á móti stórum hópum 50 og 60 ára júbílantanna!

Viðurkenning var veitt úr styrktarsjóði Kristins og Rannveigar, fyrrum skólameistara og eiginkonu hans. Styrkþegar voru að þessu sinni þrír; Emma Ýr Friðriksdóttir, Þórdís María Arnarsdóttir og Sjöfn Lovísa Bahner Jónsdóttir. Viðurkenningin er veitt þeim sem skarað hafa fram úr með dugnaði og lofsverðri ástundun með von um að hún verði þeim hvatning til frekara náms.

Fulltrúar nýstúdenta og 20 ára júbílantanna ávörpuðu hátíðargesti og voru að þessu sinni Kolfinna Sjöfn Ómarsdóttir

fyrir hönd nýstúdenta og Jóhannes Helgason fyrir hönd 20 ára júbílantanna. Tveir starfsmenn skólans voru formlega kvaddir við athöfnina en það var annars vegar Gunnar Þorgeirsson sem unnið hefur ötulst starf í þágu skólans undanfarin 25 ár, fyrst sem nefndarmaður og svo formaður skólanefndar ML. Hins vegar flutti skólameistari kveðju til Eyrúnar Jónasdóttur sem stýrt hefur kór ML undanfarin 15 ár með miklum glæsibrag og hefur kórstarfið sannarlega sett mikinn svip á skólastarf að Laugarvatni. Voru þau kvódd með virktum og þakklæti og að skilnaðargjöf var þeim afhentur blómvöndur og silfurnæla með merki skólans.



Jóna Katrín Skólameistari, Þórdís María, Sjöfn Lovísa og Emma Ýr.



Hrafnhildur Ýr dúx Fjölbrautaskóla Suðurlands

Fjölmennasta brautskráning í sögu FSu fór fram miðvikudaginn 28. maí sl. Athöfnin fór fram í Iðu, íþróttahúsi skólans. Dúx skólans að þessu sinni var Hrafnhildur Ýr Steinsdóttir með heildareinkunnina 9,85.

Að þessu sinni voru brautskráðir 155 nemendur af 13 námsbrautum. 103 stúdentar af bóknámsbrautum, 43 af öðrum brautum og 9 af verknámsbrautum með stúdentsprófi. Af því tilefni sagði Soffía Sveinsdóttir skólameistari að „prófskráteinin væru í ýmsum útfærslum og með margvíslegu innihaldi sem endurspeglar fjölbreytt námsframboð sem er flaggskip skólans.“ Gekk afhending þeirra örugglega fyrir sig. Bókaverðlaun voru afhent fyrir einstakar námsgreinar og dreifðust á marga.

Í ræðu sinni minntist Soffía Sveinsdóttir meðal annars þess að þegar hún útskrifaðist á sín-

um tíma frá skólanum hvarflaði ekki að henni að hún stæði núna í þeim sporum að útskrifa glæsilegan hóp ungmenna frá sama skóla. Rifjaði hún upp endurkomu sína síðastliðið haust og fannst eins og tíminn hefði staðið í stað. Hún fullyrti að FSu væri hornsteinn menntunar á Suðurlandi og sagði: „Hér eru nemendur og starfsfólk af mörgum kynjum, ýmsum þjóðernum, frá mismunandi landslutum, með ólíkar skoðanir og væntingar. Það er mín sýn að FSu verði ávallt samfélag þar sem nemendur og starfsfólk fái að njóta sín á eigin forsendum og finni um leið að þeir eru mikilvægur hluti í sterkum hópi.“

Dýrleif Nanna Guðmundsdóttir, fráfarandi formaður menndaráðs skólans, flutti ávarp nýstúdenta. Hún minntist hins smáa og hversdagslega sem gæfi náminu vikt. Hún sagði að gleðin væri við völd í skólastarf-



Sigursteinn Sigurðsson aðstoðarskólameistari, Hrafnhildur Ýr og Soffía Sveinsdóttir skólameistari. Ljósmynd: fsu.is.

inu og fjölbreytileiki nemenda væri mikill og bar hann saman við grunnskólavöl sína á Selfossi þar sem allir nemendur komu frá þeim stað.

Útskrift á námsbrautum hjá Fræðslunetinu

Þann 27. maí sl. var útskriftarhátíð hjá Fræðslunetinu. Að þessu sinni útskrifuðust 33 námsmenn af fimm námsbrautum. Útskrifað var af Félagsliðagátt, Leikskólaliðagátt og stuðningsfulltrúabrá, Menntagrunni, Menntastöðum og Stökkpalli.

Að þessu sinni flutti Birgitta Lára Herbertsdóttir, sem útskrifaðist úr Félagsliðagátt, ávarp fyrir hönd námsmanna og hafði hún þetta að segja:

„Ég vil byrja á að óska samnemendum mínum innilega til hamingju með útskriftina í dag. Við getum öll verið stolt af okkur – þetta hefur ekki verið sjálfgefið. Við höfum lagt okkur fram, og staðið þetta af okkur – og nú stöndum við hér í dag. Með höfuðið hátt og breitt bros! Ég hóf námið mitt við Fræðslunetið árið 2022, á Leikskólaliðabrá. Ég hafði ekki verið í skóla síðan 2010 og verð að viðurkenna að það var óeitanlega svolítið ógnvekjandi að stíga aftur í nám eftir svo langan tíma. En ég fann fljótlega að Leikskólaliðabráin var ekki rétti staðurinn fyrir mig – eftir tvær annir ákvað ég að færa mig yfir í Félagsliðagátt – og það var besta ákvörðun sem ég hef tekið.

Ástæðan fyrir því að ég datt út úr námi upphaflega var einföld: lífið gerðist. Ég flýtti mér að verða fullorðin og eignaðist mitt fyrsta barn aðeins 19 ára gömul. Eins og margir þekkja,

þá getur það að vera foreldri, á vinnumarkaði, í húsnæðisbaráttu eða atvinnuleysi verið meira en fullt starf. Námið verður að víkja – það virkar stundum bara ómögulegt.

Auglýsing frá Fræðslunetinu upp á töflu á leikskólanum sem ég var að vinna í kveikti áhugann á námi og ég fann að Fræðslunetið er hannað fyrir fólk eins og mig, sveigjanlegt, aðgengilegt og einstakt. Fullkomið fyrir fólk sem hefur ekki alltaf möguleika á dag- eða kvöldskóla, en vill læra og vaxa. Það sem heillaði mig mest var að áfangarnir eru kenndir einn í einu – og það gerði gæfumuðinn fyrir mig með tvö börn, heimili og í 100% vinnu hefði hefðbundið nám verið nær ómögulegt – en hér fann ég leið sem virkaði.

Ég skráði mig einnig í raunfærnimat og reynslan af því var líka algjör opinberun. Þar fékk ég að sjá svart á hvítu að öll þessi reynsla mín – á vinnumarkaði og í lífinu sjálfu – skiptir máli. Það sem ég hafði lært með höndunum og hjartanu, var metið til eininga. Það gaf mér bæði aukið sjálfstraust og innsýn í eigin styrkleika.

Andinn í skólanum hefur verið yndislegur, bæði kennarar og samnemendur hafa skapað umhverfi sem er hlýlegt, hvetjandi, skemmtilegt og faglegt. Ég veit ekki með ykkur, en ég hef fundið fyrir auknu sjálfsöryggi. Ég



sé nú að ég er færari um miklu meira en ég hélt.

Kæru samnemendur – við erum hér í dag ekki vegna þess að allt hafi verið auðvelt, heldur vegna þess að við gáfumst ekki upp. Við sýndum þrautseigju, trú og elju.

Að lokum vil ég segja: Það er aldrei of seint að byrja aftur. Það er aldrei of seint að finna sjálfan sig, eða stefna að draumi sem virðist óraunhæfur. Við höfum sýnt að við getum það og framtíðin, hún er björt.

Við erum að stíga inn í næsta kafla með þekkingu, styrk og trú á okkur sjálfum.

– Til hamingju með daginn. Takk fyrir.

Fræðslunetið óskar öllum útskriftarnemendum hjartanlega til hamingju með áfangann, velfarnaðar í framtíðinni og að allir draumar þeirra megi rætast.

Ferðanefnd FEBSEL býður upp á ferð í Uppsveitir Árnessýslu miðvikudaginn 18.júní 2025



Lagt verður af stað frá Grænumörk kl. 9:45
Leiðsögumaður: Páll M. Skúlason.

Ekið verður um Laugarás og að þar á leið okkar í Héraðsskólann á Laugarvatni þar sem við borðum hádegismat. Síðan liggur leið okkar um Hrunamannahrepp og staldrað við í Ullarverinu.

Verð pr. mann er kr. 12.000

Aðeins ein rúta verður í ferðinni og þar af leiðandi takmarkast fjöldi farþega við það.

Nefndin vill minna á að hver og einn þátttakandi er á eigin ábyrgð. Bókanir í ferðina eru hjá nefndinni og þátttökulisti liggur frammi í Grænumörk 5.

Einnig er hægt að skrá sig á Facebooksíðu FebSel.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku í síðasta lagi 12.júní.

Hlökkum til fararinnar.
Helgi s. 860 7032
Ingibjörg s. 864 2972
Vigdís s. 893 6564





GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR

Í NÝBYGGINGU KLETTAMÓA 1

Ívera íbúðafélag býður til leigu fallegar nýbyggðar íbúðir að Klettamóa 1 í Þorlákshöfn.

Um er að ræða nútímalegar þriggja herbergja og bjartar íbúðir með vandaðri innréttingu.

Allar íbúðir hafa sér inngang úr glæsilegu stigahúsi og fylgja fataskápar, gardínur og ísskápar með.

Klettamói er í vel staðsettu hverfi þar sem stutt er í alla helstu þjónustu, þar á meðal leikskóla, grunnskóla, íþrótta- og útivistarsvæði.

Hægt er að sækja um íbúðir á **www.ivera.is** og fá frekari upplýsingar um eignirnar með því að senda tölvupóst á **ivera@ivera.is** eða í síma 517-3440.



„Eins og að koma inn í lítið kaupfélag“

Hjónin Guðmundur Örn Hansson og Ingibjörg Elín Baldursdóttir opnuðu Búðina byggingarvöruverslun í Þorlákshöfn í október 2024. Að þeirra sögn var mikil vöntun á slíkri verslun í plássinu.

„Við hjónin höfum verið að endurnýja fjögur húsnæði á stuttum tíma og erum búsett hér í Þorlákshöfn. Ef okkur vantaði skrúfur, festingar, verkfæri, raf-lagnæfni eða pípulagningarefni þá þurftum við alltaf að fara á Selfoss eða í bæinn eftir hlut-unum sem er mjög tímafrekt og hlutirnir gerast því hægt. Við hugsuðum í einhvern tíma að það væri nauðsynlegt að setja hér upp byggingavöruverslun því það er svo mikil uppbygging hér í Þor-lákshöfn og því tilvalið tækifæri að láta á reyna,“ segja hjónin.

Í fyrstu var verslunin í tveim-ur bilum en svo opnaði þriðja bilið í byrjun 2025. „Við höfum verið að auka vöruúrvalið eftir eftirspurnum og í dag er orðið frekar þröngt en margir sem koma hingað segja að það sé gaman að koma því þetta sé eins

og að koma inn í lítið kaupfélag þar sem allt er til.“

Búðin er hugsuð til þess að þjónusta íbúa og iðnaðarmenn í Þorlákshöfn með helstu vörur og verkfæri sem vantar á svæðinu. „Við höfum leitast við og haft það markmið að aðstoða fólk við að útvega það sem vantar og vera með góða þjónustu,“ segja hjónin.

Í Búðinni er að finna fjöl-breytt úrval af skrúfum og fest-ingum frá Ferró Zink, fatnaði og öryggisbúnaði, verkfærum frá Verkfærasölunni og Redder – þar á meðal garðyrkjuverk-færum – og frá maí bættist við vörulína frá Garðheimum með mold, áburði, fræjum og fleiru. Þá má finna pípulagningavörur frá Vatnsvirkjanum og Barka, raflagnæfni frá Reykjafelli, olíu og hreinsivörur frá Kemi, ritföng og barnavörur frá A4, málninga-verkfæri og sérpantanir frá Máln-ingu, gæludýrafóður frá Pet-mark, veiðivörur frá Veiðihúsinu, skóvörur frá Skómeistararum og ýmis öryggistæki frá Eldvarnar-miðstöðinni.



„Ef varan er ekki til reynum við að útvega hana eins fljótt og hægt er. Við höfum lagt áherslu á góða þjónustu og sanngjarnt verð – í takti við stórhöfuðborgar-svæðið.“

Viðtökur íbúa hafa verið afar góðar og segja margir að verslunin hafi fyllt mikilvægt skarð í bæjarlífinu.

Búðin er opin alla virka daga frá kl. 9–17 og á laugardögum frá 10–14. Hún er staðsett í Þorlákshöfn að Vesturbakka 3, í bilum 110, 111 og 112.



Sumarbasar Stróks á laugardaginn

Laugardaginn 7. júní kl. 13-16 verður sumarbasar haldinn í Strók að Skólavöllum 1 á Selfossi. Til sölu verða handsaumuð tækifæriskort, málverk, blómahengi, listilega skreyttir blóm-pottar og steinar, prjónavörur, snyrtibuddur, leðurvörur, eyrna-lokkar og margt annað skemmti-legt sem okkar dásamlegu félag-ar hafa verið að vinna að í vetur. Basarinn er mikilvæg fjáröflun fyrir félagi Stróks og hvetjum við fólk til að koma og styðja við okkar frábæru starfsemi.

Klúbburinn Strókur er virkni-og endurhæfingarúrræði sem er opið öllum íbúum á Suðurlandi þar sem einstaklingar eru studdir í virkni og bata eftir að hafa lent utan vinnumarkaðar sökum geð-raskana og/eða eru að glíma við félagslega einangrun. Opnunar-tími Stróks er mánud.-fimmtud. frá kl. 8:30-15:00. Þeim sem

koma í þjónustu hjá Strók er boðið upp á einstaklingsmiðaðan stuðning þar sem hjálp til sjálfs-hjálpar er veitt og unnið út frá styrkleikum hvers og eins. Dag-skrá Stróks er þannig uppbyggð að boðið er upp á dagskrárliði sem styðja við iðju-, líkamlega, andlega- og félagslega færni. Unnið er með hverjum og einum að hans markmiðum og ein-staklingar studdir til eflingar hvort sem er í formi fjölbreyttrar vinnu í húsinu, öðrum sjálfboda-liðastörfum, skráningu í nám eða þeir aðstoðaðir við að komast út á



vinnumarkað. Jafningjastuðning-ur er án efa einn af stærstu styrk-leikum starfseminnar og það að rjúfa félagslega einangrun. Aðal-markmið Stróks er að styðja við bataferli notenda heilbrigðis-kerfisins og að fólk fái úrræði við sitt hæfi að mæta á sumarbasarinn okkar þann 7. júní næstkomandi, við tókum vel á móti gestum og gangandi. Frjáls framlög frá fyrirtækjum og öðrum aðilum til styrktar starfseminni okkar eru alltaf vel þegin. Nánari upplýs-ingar á heimasíðu Stróks, www.strokur.is.

Fjóra Einarsdóttir, forstöðumaður Stróks.

Gáta vikunnar

Lyf í vatni uppleyst er, eitt sinn páfinn veitti mér. Hana margir fangar fá, finnast mun hún gátu á.

Svar við gátu í blaði 2804: KAST
3. lína: KuldaKAST
4. lína: ÚtáKAST eru grjón o.fl.



Visnagátur-höf: Páll Jónasson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR



Karrykjúklingur með rúsínum

Sindri Freyr Eiðsson er matgæðingur vikunnar.



Ég vil byrja á því að þakka Hafþóri Ara (sem flestir þekkja sem sósukónginn Lambpór) fyrir þessa áskorun og frábæra uppskrift. Íslenska lambið klikkar seint. Ég ætla þó að fara aðra leið og koma með auðveldu uppskrift sem fæstir í fjölskyldunni ættu að vera sviknir af. Það er kar-rýkjúklingur með rúsínum.

Uppskrift

- 500 g kjúklingabringur, skornar í bita
- 1 laukur, saxaður
- 2 hvítlauskgeirar, pressaðir
- 1 msk. karrý
- 1 tsk túrmerik (eftir smekk)
- 1 bolli rúsínur
- 1 dós kókosmjólk
- Salt og pipar
- Ólífúolía
- Hrísgrjón

Aðferð

- Steiktu lauk og hvítlauk í potti þar til laukarnir eru mjúkir.

- Bættu kjúklingnum við og brúnaðu. Kryddaðu með karrýi og túrmeriki.
- Helltu kókosmjólkinni yfir og bættu rúsínum við.
- Látið malla í 15–20 mínútur. Smakkaðu svo til með salti og pipar.
- Borið fram með hrísgrjónum og jafnvel smá fersku kórían-der

Í eftirrét er frábært að bjóða upp á heita kanilsnúða með rúsínum með mjólk fyrir börnin og hvítan rússa fyrir fullorðna.

Ég skora á talnasnillinginn og samningamanninn Heiðar (Hæði) Þór Karlsson. Hann er sá vinur sem getur ekki haldið aftur af sér og er oftast en ekki kominn með puttana í eldamennskuna hvert sem hann fer. Ég bíð spenntur eftir að sjá hvaða stjórnukokkaup-skrift hann býður upp á.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Lífið í og við Sogið

Laugardaginn 14. júní 2025 kl. 14 - 16 munu náttúru-fræðingarnir Einar Þorleifsson, Rannveig Thoroddsen og Skúli Skúlason leiða léttu fræðslu-göngu um Þrastaskóg og Sogið. Lítið verður eftir foldarskarti í skógarbotni og lagt við hlustir eftir fuglasöng á grein eða kvaki á Soginu, um leið og fræðst verður um lífríki Sogsins, tengsl þess við Þingvallavatn, með áherslu á fiska, og dregin fram sérstaða þess og verðmæti og sett í alþjóðlegt samhengi.

Dagskráin hefst á hlaði Al-

viðru, sem er fræðslusetur Land-verndar. Síðan verður haldið að Þrastalundi og gengið um skóginn og meðfram Soginu. Fræðslugangan er ætluð fólki á öllum aldri og börnin eru svo sannarlega velkomin. Takið með viðeigandi hlífðarfatnað og kikir gætu komið að notum. Við lok göngu verða þjóðlegar veitingar í boði í Alviðrubænum.

Sogið, Alviðrujörðin og Þrastaskógur er ævintýraheimur. Verið velkomin.

Alviðrunefnd Landverndar.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 856 0673, hronn@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaeldi: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X



Heiður Björk tekur við sem forstjóri Samkaupa

Heiður Björk Friðbjörnsdóttir, fjármálastjóri Samkaupa, verður starfandi forstjóri fyrirtækisins þar til sameining við Orkuna er yfirstaðin. Tilkynnt var um kaup Orkunnar á hlutum Kaupfélags Suðurnesja fyrr í mánuðinum en áætlað er að þau gangi í gegn um leið og öllum fyrirvörum hefur verið aflétt. Í framhaldi er stefnt að því að til verði eignarhaldsfélag sem starfi á sviði matvöru, orku, bílaþvottar og lyfsölu. Heiður mun stýra fyrirtækinu í samvinnu við aðra í framkvæmdastjórn. Gunnar Egill Sigurðsson hefur látið af störfum sem forstjóri eftir 23 ár hjá fyrirtækinu. „Kaupin eru jákvætt skref fyrir Samkaup. Þau styrkja stöðu fyrirtækisins og munu opna á tækifæri fyrir okkur til að bjóða betri verð og þjónustu fyrir okkar viðskiptavinum. Við erum þakklát Gunnari Agli fyrir hans störf, en hann á mjög stóran þátt í vexti og þróun fyrirtækisins,“ segir Heiður Björk Friðbjörnsdóttir, nýr forstjóri Samkaupa. Heiður Björk hefur starfað

sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs Samkaupa undanfarin 5 ár. Hún hefur víðtæka reynslu á sviði fjármála og hefur lokið MBA-námi við Háskóla Íslands, er með BSc. í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og próf í verðbréfavískiptum. **Gunnar Egill kveður eftir 23 ár** Gunnar Egill tilkynnti fyrr í þessum mánuði að hann hefði ákveðið að láta af störfum hjá félaginu. „Ég er afar þakklátur fyrir öll tuttugu og þrjú árin sem ég hef starfað hjá Samkaupum og er stoltur af þeim árangri sem við höfum náð á smásölumarkaði um allt land. Sá árangur er aðeins til kominn vegna þess að hjá Samkaupum starfar einvala lið stjórnenda og starfsfólks með metnað fyrir starfinu og drifkraftinn sem þarf til að ná settum markmiðum. Kaupin opni nú ný tækifæri til að byggja upp enn sterkara og betra félag og ég hlakka til að fylgjast með framvindunni. Samkaup er í traustum höndum Heiðar og teymisins hennar.“

Ný sölusíða með norræn útihúsgögn komin í loftið

Í mars síðastliðnum setti Gunnar Svanur Einarsson nýja sölusíðu í loftið – útihúsgögn.is, þar sem áhersla er lögð á vönduð og náttúruleg útihúsgögn smíðuð úr þykum harðviði. Þar má finna falleg garðsett og staka garðbekki úr eik og Douglasgreni (Degli), efni sem þekkt eru fyrir styrk, slitþol og langa endingu í íslenskum aðstæðum. Húsgögnin eru hönnuð með norrænan stíl að leiðarljósi og handsníðuð í Danmörku, þar sem fagmennska og efnisval eru í fyrirrúmi. Öll húsgögnin eru gerð til að standast veður og vind allt árið um kring, án þess að krefjast mikils viðhalds. Úrvalið spannar allt frá garðsettum með náttúrulegri áferð og köntum, yfir í útihúsgögn með sléttri áferð og beinum línunum fyrir þá sem kjósa nútímalegri stíl. Einnig er í boði að láta grafa áletrun í bakið á bekkjum, t.d. með nafni, áletrun eða nafni hússins – sem hentar vel fyrir sumarhús, fyrirtæki eða sveitarfélög. Frí heimsending er í boði á Suðvesturlandi, og sendingar

eða afhendingar eru einnig í boði um allt land. Lager og sölusvæði útihúsgagna.is er staðsett í Ölfusi, rétt milli Hveragerðis og Selfoss, og útihúsgögn.is er fyrst og fremst sölusíða á netinu, en hægt er að skoða húsgögnin eftir samkomulagi fyrir þá sem vilja sjá vöruna í nærveru. „Við viljum bjóða fólki upp

á traust, falleg og endingargóð útihúsgögn sem hægt er að njóta í mörg ár án mikils viðhalds,“ segir Gunnar Svanur, stofnandi og eigandi útihúsgögn.is. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.utihusgogn.is, þar sem einnig má skoða verð, myndir og útfærslur af hverri vöru.T



Gunnar Svanur ásamt Björgu Halldórsdóttur á Kotströnd sem var fyrst til að kaupa garðbekk.



Geoform

þarft þú að skoða

LANDSKIPTI

í sumar?

Löggildar
merkjalýsingar
nákvæmar GPS mælingar
og landskiptauppdætti.

Skil gagna
til Stjórnýslu og HMS
skv. löggjöf.

**PERSÓNULEG
ÞJÓNUSTA,**
áralöng
reynsla

GEOFORM EHF.
GEOFORM@GEOFORM.IS - 617 6624 (VALDIMAR)

/LANDSKIPTI

LITAKORT

ÚTILITIR

Steinn • Múr • Bárujárn • Klæðningar

NÝTT ÚTILITAKORT

INNBLÁSIÐ AF ÍSLENSKRI NÁTTÚRU

SLIPPFÉLAGIÐ
Austurvegi 58, Selfossi, s: 482 1250
Opíð:
8-18 virka daga og 10-14 laugardaga
slippfelagid.is

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjud. kl. 14-16
Unga fólkið 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudaga kl. 11-14
Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14
Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í annan tíma ef þessir tíma henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnskur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í þróttfræðum,
nálastungu, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.



Við prentum
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun
í öllum algengustu
ljósmyndastærðunum



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER

KIRKJUR

Gaulverjabæjarkirkja
Fermingarmessa á hvítasunnudag 8. júní kl. 14:00.
Kirkjukórinn syngur, organisti Haukur Arnarr Gíslason, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Villingaholtskirkja
Fermingarmessa á hvítasunnudag 8. júní kl. 14:00.
Kirkjukórinn syngur, organisti Guðmundur Eiríksson, prestur Ása Björk Ólafsdóttir.

Hraungerðiskirkja
Fermingarmessa á annan hvítasunnudag 9. júní kl. 14:00.
Kirkjukórinn syngur, organisti Guðmundur Eiríksson, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Þorláksskirkja
Fermingarmessa kl. 13:30. Sjö ungmenni munu staðfesta skírmina. Kór Þorlaks- og Hjallakirkju leiðir almennan safnaðarsöng Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir þjónar. Verum öll velkomin
Sóknarnefnd og sóknarprestur

Hveragerðiskirkja
fermingarmessa á hvítasunnudag kl.11.

Kotstrandarkirkja
fermingarmessa á hvítasunnudag kl.14.



Jón Ingi með sýningu í Gallery Listaseli

Jón Ingi Sigurmundsson opnaði sýningu á vatnslitamyndum laugardaginn 31. maí sl. í Gallery Listaseli í miðbænum á Selfossi.

Myndefnið er að mestu af Suðurlandi og stendur sýningin út júnímánuð.

Gallerýið er opið alla daga nema mánudaga.

Stóra-Núpskirkja

Fermingarmessa á hvítasunnudag 8. júní kl. 11. Kirkjukórinn leiðir söng undir stjórn Þorbjargar Jónhansdóttur. Verið öll velkomin! Sóknarprestur

Hrunakirkja

Fermingarmessa á hvítasunnudag 8. júní kl. 13. Kirkjukórinn leiðir söng undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur organista. Verið öll velkomin! Sóknarprestur

Selfoskirkja

Útímessu við Hellinn í Hellisskógi á hvítasunnudag 8. júní kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur sumarsálma, kórstjóri Edit A. Molnár, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Skálholtsdómkirkja

Hátíðar- og fermingarguðsþjónusta á hvítasunnudag, 8. júní kl. 14. Gleðilegir hvítasunnudag og fermingarsálmar. Sr. Kristín Þórunn, Bergþóra djákni og Jón dómorganisti þjóna. Innilega velkomin.

Miðdalskirkja

Fermingarguðsþjónusta á hvítasunnudag kl 11. Bergþóra djákni, Kristín prestur og Jón organisti þjóna. Innilega velkomin.

Löjupjálfi óskast til starfa

Löjupjálfi óskast til starfa á Heilsustofnun í Hveragerði. Fjölbreytt og skemmtilegt starf á góðum vinnustað.

Hæfniskröfur:

- Íslenskt starfsleyfi
- Faglegur metnaður og frumkvæði
- Góð þjónustulund og færni í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti

Aðgangur að baðhúsi og tækjasal er ókeypis fyrir starfsmenn og í hádeginu er hollur og góður matur gegn vægu gjaldi. Möguleiki er á húsnæði á staðnum og einnig er starfsmannarúta til og frá Olís við Rauðavatn.

Starfshlutfall er 60% frá 1. september 2025

Nánari upplýsingar veitir Aldís Eyjólfsdóttir mannauðsstjóri, aldís@heilsustofnun.is, sími 483 0300.



Heilsustofnun
Náttúrulækningafélags Íslands

- berum ábyrgð á eigin heilsu

Geta verið geimvísindi að blása upp blöðrur

Hanna Margrét Arnardóttir og Rakel Guðmundsdóttir eru stofnendur og eigendur verslunarinnar og skreytingaþjónustunnar Tilefni á Selfossi. Þær bjóða upp á fjölbreytt úrval af skreytingavörum, sérmerktum vörum og leiguvörum.

Kynntust í Yrju

Hanna og Rakel voru báðar í fæðingarorlofi þegar þær kynntust í barnafaraversluninni Yrju þar sem þær voru með litlu stelpurnar sínar, en einungis tvær vikur eru á milli þeirra. Eigandi Yrju er sameiginlegur vinur Hönnu og Rakelar.

„Við vorum bara báðar þar eitthvað að „sjoppa“ og hann kemur og bara eitthvað: „Hva fyrrum WOW flugfreyjur bara hér saman!“ Við vissum ekkert af hvorri annarri en við vorum báðar að vinna hjá WOW og flugum saman og allt,“ segir Rakel í samtali við Dagskrána.

„Hann semsagt kynnir okkur og segir okkur að við eigum heima hlið við hlið og þá byrjum við að fara saman í göngutúra og æfa saman og svona. Svo svona þremur/fjórum mánuðum seinna fórum við að ræða þessa hugmynd að versluninni af því að við þurftum að halda barnaafmæli og skíra og það var alltaf vesen að redda skrauti og blöðrum og svoleiðis. Þannig að við byrjum að gæla við það að opna partýbúð,“ segir Hanna Margrét.

Boltinn fór að rúlla eftir áhrifavaldapartý í Blush

Á meðan ferlið að opna verslun var í gangi ákváðu stelpurnar að byrja með skreytingaþjónustu þar sem þær buðu upp á blöðrur, blómaveggi og blómboga.

„Hún fór ótrúlega vel af stað. Við tókum eitt gígg fyrir frænku Rakelar sem er að vinna hjá Sýn og tókum það alla leið fyrir eiginlega engan pening og tókum TikTok af öllu. Þannig byrjaði boltinn að rúlla. Næst heyrði Blush í okkur fyrir áhrifaval-

dapartý og út frá því byrjaði einhvern veginn allt að gerast í skreytingaþjónustunni, sem er bara geggjáð,“ segir Hanna.

Skreytingaþjónustan byrjaði í september 2023 og Tilefni netverslun byrjaði í mars 2024.

„Þetta byrjaði sem netverslun. Við vorum bara í bílskúrnum heima, fyrst hjá Hönnu og færðum okkur svo yfir til mín þannig að fólk gæti komið. Við vorum á fullu áramótin 23/24. Þau voru bara sturluð og líka sumarið 2024. Verslunin var semi bara heima og fólk var að koma klukkan 7:30 til að sækja blöðrur og eitthvað svoleiðis, og klukkan hálf tólf á kvöldin,“ segir Rakel.

„Þótt þetta væri netverslun þá var hún semi bara í bílskúrnum. Á Sumar á Selfossi í fyrra vorum við að skreyta í bænum á fimmtudeginum eða föstudeginum um morguninn og maðurinn minn hringir í mig og bara: „Guð minn góður, það er röð út á götu og fólk er komið inn í bílskúr.“ Þá semsagt opnaði verslunin klukkan 14 en við vorum að skreyta í bænum. Ég var bara í sumardagsumferðinni undir fjallinu fyrir Sumar á Selfossi og fólk var bara mætt og komið inn í bílskúr og í röð út og það var ekki einu sinni búíð að opna,“ segir Rakel.

„Þetta var lúxusvandamál. Við vorum ótrúlega heppnar að boltinn fór að rúlla strax,“ bætir Hanna við.

Mikil þörf á svona verslun á Suðurlandi

Eftirspurnin í bílskúrinn varð til þess að Hanna og Rakel ákváðu að finna sér húsnæði og opna Tilefni þar.

„Við reyndum að skipta niður helgunum í bílskúrnum svo Rakel myndi fá smá frí en þá var ég bara alltaf inni á heimilinu hennar. Hún var aldrei í fríi og ef það var drasl þá var hún alltaf á kvöldin að taka til og ég með samviskubít að vera ekki að gera nóg. Þannig að það var þvílíkur



Hanna Margrét og Rakel eiga fyrirtækið Tilefni. Ljósmynd: Dagskráin/EHJ.

léttir að vera komin í húsnæði. Núna förum við í vinnuna og svo heim,“ segir Hanna.

Fyrstu tvo mánuðina eftir að Hanna og Rakel fóru úr bílskúrnum eru þær búnar að fjórfalda sölnu hjá sér.

Stelpurnar eru sammála um að mikil þörf hafi verið fyrir svona verslun á Suðurlandi. Þær eru með nóg úrval en segja að eftirspurnin eftir fleiri vörum sé mikil.

„Fólk er alltaf að spyrja hvort við séum með hitt og þetta. Við skrifum það þá alltaf niður og reynum að nálgast það um leið,“ segir Rakel.

Þær segjast vera að læra jafnt og þétt hvernig vörur þær þurfa hverju sinni og reyna að panta tímanlega eftir því hvað er viðeigandi hverju sinni.

Markmiðið fyrir sumarið er að stækka verslunina og lita-skipta skreytingunum þannig að

auðvelt verði fyrir fólk að finna hverfaskreytingar fyrir bæjarhátíðir sumarsins. „Við vorum alveg að skreyta í nokkrum götum í fyrra. Til dæmis Nauthólar sem er í bleika hvefinu. Við vorum mættar þangað til að setja blöðruboga á húsin,“ segir Rakel.

Sóttu sér reynslu á netinu

Hanna og Rakel voru ekki með mikla reynslu í bransanum áður en þær byrjuðu en segjast hafa tekið námskeið á netinu, kynnt sér allt vel og lært mikið.

„Við héldum að það væru engin geimvísindi að blása upp blöðrur en það getur alveg verið það. Eins og með confetti-blöðrur. Fólk heldur að maður blási bara í þær og þær endist endalaust. Við erum búnar að lenda í því að þær endast bara í þrjá tíma af því að þær eru of þungar þannig að við þurftum að létta þær. Við erum búnar að prófa að setja einn vatnsdropa inn í þannig að það dreifist og þetta eru alveg alls konar pælingar. Svo erum við með efni sem við pumpum í og myndar filmu, þá dugar hún í marga daga. Þetta er eitthvað sem ég vissi ekki. Ég fór alveg og keypti heliumblöðrur tveimur dögum fyrir viðburð og var í sjokki að þær væru komnar niður daginn eftir,“ segir Hanna.

Margir fastakúnnar á svæðinu

Þó nokkur fyrirtæki eru orðin fastakúnnar hjá Tilefni. Hótel Selfoss, Hótel Örk, Hótel Keflavík, Hvíta húsið og Sviðið hafa reglulega nýtt sér skreytingaþjónustuna.

„Ég er ánægð hvað þetta er mikið hér á svæðinu. Við erum reyndar mjög mikið að vinna í bænum líka, með viðburði þar.

Við erum búnar að taka Laugar-dalshöllina, Hörpu, Sjáland og Gamla bíó. Við erum eiginlega úti um allt,“ segir Hanna.

Draumur að opna verslun í Reykjavík

Framtíðaráform Hönnu og Rakelar er að stækka verslunina og auka úrvalið. Það er einnig markmið hjá þeim að fá starfsmenn sem geta staðið vaktina og sinnt skreytingaþjónustunni með þeim.

„Það gefur okkur tækifæri á að taka við fleiri viðburðum af því að við erum alveg byrjaðar að segja nei sem okkur finnst mjög erfitt,“ segir Hanna.

„Svo er líka markmiðið að lengja opnunartímann um leið og við erum komnar með einhvern sem getur staðið vaktina. Núna er hann 14-16 mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga og 11-16 á fimmtudögum og 14-18 á föstudögum og lokað um helgar,“ bætir Hanna við.

Hanna og Rakel segja það líka vera draum að opna Tilefni líka í Reykjavík.

„Maðurinn minn vinnur í bænum og hann er oft að taka með sér vörur frá okkur og afhendir fyrir okkur. Hann er bara með þær inni á kaffistofu, hann vinnur á bílaverkstæði. Þannig að fólk er bara að koma þangað og sækja vörur. Oft vill fólk bara versla við okkur sem er geggjáð,“ segir Rakel.

„Fólk hefur alveg gert sér leið úr bænum og hingað, sem er bara þvílíkt hrós,“ segir Hanna að lokum og hvetur fólk til að kíkja í verslunina að Austurvegi 9.

Hægt er að panta þjónustu og skoða vöruúrval á tilefni.is.





SLYSH gefur út nýtt lag

Strákahljómsveitin SLYSH úr Hveragerði hefur gefið út nýtt lag sem ber heitið Morte og fjallar um hræðsluna við það að missa einhvern nákominn sér. Auk þess koma tvö önnur lög eftir þá út á næstunni.

Strákarnir hafa einnig gefið út lagið Ready, Set, Go! og hafa verið að gera góða hluti síðan hljómsveitin var stofnuð. Þeir eru búnir að starfa í tæp þrjú ár. Bandið byrjaði í hljómsveitarvali í Grunnskólanum í Hveragerði þegar drengirnir voru þá 14 og 15 ára.

Síðan þá hafa þeir tekið þátt á Samfés þar sem þeir lentu í 3. sæti, Söngkeppni framhaldsskólanna, Músíktíðraunum, en þar var Gísli, söngvari hljómsveitarinnar, valinn besti söngvari keppinnar. Einnig hafa þeir unnið hljómsveitakeppni og haldið nokkra tónleika svo eitt-hvað sé nefnt.

Hljómsveitina skipa Björgvin Svan Mánason- gítar/bakródd,

Gísli Freyr Sigurðsson – söngur, Eyvindur Sveinn Lárusson – rafmagnsgítar, Hrafnkell Örn Blöndal Barkarsson – hljómborð, Stefán Gunngeir Stefáns-son – trommur og Úlfur Þór- hallsson – bassi.

„Margir af eldri tónlistar- mönnum auk Einars Bárðar-sonar hafa verið að fylgja drengjunum og eru ótrúlega spennir að fylgjast með þeim. Þar með taldir Páll Rósinkrans, Magni Þór Ásgeirsson, Krummi Björgvins, Einar Ágúst úr Skítamóral, Gréta Salóme og margir fleiri,“ segir Kristín Eir Helga- dóttir, móðir Gísla Freys, söngv- ara hljómsveitarinnar.

EJH

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Stíflupjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com
Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir
Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

LÖGGILTUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR
S: 692-2575
800 SMÍÐI EHF.
KARL S: 692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

FÁÐU TILBOÐ Í PINN PALL
848 0964 GÍSLI 899 0979 ÖRN
WWW.SOLPALLUR.IS
SÓLPALLUR
Fagmennska • Gæði • Áreiðanleiki

ÖKUKENNSLA Á SUÐURLANDI
897-4693
Arnifj@gmail.com

UTIADAKA.IS
"Með þér alla leið"

Áreiðanlegir pípulagningaverktakar
NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR
Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

BRACAF VINÁTTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

STÍFLULOSUN SUÐURLANDS
stiflulosun.is
VIÐ ELSKUM STÍFLUR!
• Stíflulosanir
• Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
• Sónum út Lagnir
• Lagnafóðrun
• Rotþrær
• Fitugildrur
• Sandgildrur
• Skólphreinsistöðvar
• Holræsahreinsun
510-1180 / 669-8441

800 LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir • Þjónusta
Nýsmíði • Rafmagn
Sími: 760-5670 - pulsinn@pulsinn.com

Lagnapjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyrn.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

Sprettur ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Raflagnir Tölvulagnir Ljósleiðaralagnir
RS
Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.tris.is

Bílasprautun • Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is